




Alþingi
Erindi nr. 131/83
komudagur 10.11.2004

Reykjavík, 10. nóvember 2004

Fjárlaganefnd Alþingis
Hr. Magnús Stefánsson, formaður

Vísað er til bréfs yðar dags. 12. október sl., þar sem óskað er eftir álit
félagsmálanefndar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005. Hér með sendist álit
meirihluta nefndarinnar.

F.h. formanns félagsmálanefndar


Selma Harliðadóttir
nefndarritari

FÉLAGSMÁLNEFND

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og tvö bréf fjárlaganefndar frá 12. og 18. október sl. Nefndin fékk til sín á fund Elínu Pálsdóttur, Ragnhildi Arnljótsdóttur, Sesselju Árnadóttur og Sturlaug Tómasson frá félagsmálaráðuneyti. Þau fóru yfir einstaka liði frumvarpsins með nefndarmönnum sem gafst jafnframt kostur á að spyrja út í þau atriði sem þeir vildu fá frekari upplýsingar um.

Nefndin telur vert að vekja sérstaka athygli á nokkrum atriðum. Í fjárlagafrumvarpinu eru útgjöld Fæðingarorlofssjóðs áætluð 5.967 millj. kr., en útgjöldin eru 5.826 millj. kr. í fjárlögum 2004. Þetta er 150 millj. kr. lækkun að raunvirði milli ára og samræmist lækkunin kostnaðarmati laga nr. 90/2004 sem samþykkt voru á síðasta þingi. Þar sem aukning hafði orðið á ústreymi úr sjóðnum voru umrædd lög sett og er gert ráð fyrir að breytingar samkvæmt þeim leiði til lækkunar á útgjöldum fæðingarorlofssjóðs.

Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs eru samkvæmt frumvarpinu áætluð 4.171 millj. kr. og þar af nema útgjöld til atvinnuleysisbóta 3.498 millj. kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir um 670 millj. kr. lækkun útgjalda til atvinnuleysisbóta frá síðasta ári. Þessi lækkun stafar annars vegar af auknu atvinnuleysi en samkvæmt spám fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir 2,7% atvinnuleysi og er áætlað að útgjöld á hvert stig atvinnuleysis verði 1.296 millj. kr. á verðlagi ársins 2005. Hins vegar hafa atvinnuleysisbætur verið hækkaðar, sbr. lög nr. 34/2004. Nefndin bendir á að heildarrannsókn á atvinnuleysisástandi er þegar farin af stað hjá félagsmálaráðuneyti.

Rekstrarkostnaður Vinnueftirlits ríkisins er áætlaður sá sami á næsta ári eða um 295,6 millj. kr. Hins vegar verða gerðar breytingar á fjármögnun rekstrarkostnaðar stofnunarinnar frá 1. janúar 2005 til samræmis við ákvæði laga nr. 90/2004, um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um tryggingagjald. Framvegis verður fjárhagsrammi stofnunarinnar ákvarðaður í fjárlögum á ári hverju, en stofnunin mun ekki hafa markaðan tekjustofn sem tengist gjaldstofni tryggingagjalds eins og verið hefur fram að þessu. Kostnaður af rekstri stofnunarinnar mun frá framangreindu tímamarki verða greiddur úr ríkissjóði og af öðrum tekjum hennar. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 90/2004 kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að umrædd breyting muni hafa áhrif á tekjur til Vinnueftirlits ríkisins, heldur sé aðeins áætlað að rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði framvegis greiddur úr ríkissjóði óháð tekjustofni tryggingagjaldsins. Nefndin vill vekja athygli fjárlaganefndar á því að hlutdeild Vinnueftirlitsins í tryggingagjaldi árið 2004 nemur 237,8 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi stofnuninni til 201,5 millj. kr. Því þyrfti kostnaður við almennan rekstur stofnunarinnar að hækka úr 330,1 millj. kr. í 365,1 millj. kr. þannig að ekki þurfi að koma til samdráttar í rekstri hennar. Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar þyrfti samkvæmt þessu að vera 236,5 millj. kr. í stað 201,5 millj. kr.

Heildarfjárveiting til málefna fatlaðra hækkar um 204,6 millj. kr. frá gildandi fjárlögum þegar almennar launa- og verðlagsbreytingar eru taldar frá. Um 130 millj. kr. hækkun framlaga er áætluð til sambýla og nýrra búsetuúrræða fyrir fatlaða. Hér er um að ræða lokaframlag vegna átaks frá árinu 2000 um styttingu biðlista eftir þjónustu fyrir fatlaða. Vel hefur miðað við að stytta biðlista eftir húsnæði fyrir fatlaða en helstu áform á árinu 2004 tengdust markmiðum um styttingu biðlista eftir þjónustu við þennan hóp.

Að lokum má benda á að gert er ráð fyrir 10 millj. kr. tímabundinni fjárveitingu vegna sameiginlegs átaks félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Áætlað er að átakanu ljúki í árslok 2005.

Birkir J. Jónsson skrifar undir álitíð með fyrirvara þar sem hann á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 9. nóv. 2004

Siv Friðleifsdóttir, form.

Guðjón Hjörleifsson.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Pétur H. Blöndal.

Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.